

Fundarstaður: Skriðuklaustur.

Á fundinn mættu: Þórhallur Jóhannsson, Jóhann F. Þórhallsson, Signý Ormarsdóttir og Ásdís Helga Bjarnadóttir verkefnastjóri. Arna Björg Bjarnadóttir og Lárus Heiðarsson voru á skype.

#### Dagskrá frá kl 10:00

1. Byggðakjarninn
2. Fimmtudagar í Fljótsdal og viðburðir
3. Fræðsluferð (Hugmynd)
4. Drög að úthlutunarreglum
5. Skipulagskrá Samfélagssjóðs með Kristni Bjarnasyni

12:30 Matarhlé

6. Skipulagskrá – Samfélagsnefnd með Sveitarstjórnarfulltrúum og Kristni Bjarnassyni.
7. Önnur mál
  - a. Staða verkefna.

**Fundur settur kl. 10:05.** Formaður bauð fundarmenn velkoman.

Gengið til dagskrár:

1. **Byggðakjarni í Fljótsdal.** Sveitarstjórn samþykkti tilboð TGJ í byrjun febrúar. Þau hafa verið að afla ýmissa gagna til viðbótar þeim upplýsingum sem aðalskipulag upplýsir svo mögulegt sé að greina þær forsendur sem þurfa að liggja fyrir við val á staðsetningu byggðarkjarnans. Miðað er við að ljúka þessari frumvinnu í byrjun mars og í framhaldi er áætluð skoðunarferð á staðinn. Fundarmenn lýsa ánægju sinni með þennan áfanga.
2. **Fimmtudagar í Fljótsdal og viðburðir.** Því miður gekk ekki að fá Torfa á Birnufelli með Sigurjóni Bjarnasyni á fimmtudag í Fljótsdal en fundurinn um Austurlamb var vel sóttur og umræður góðar. Torfi hefur áhuga á málum og vill gjarnan fylgjast með framhaldinu. Þar sem Skriðuklaustur bauð fram erindi um Hamp þann 23. febrúar var ákveðið að fresta fimmtudagserindi um Ramsar og UNESCO til 19. mars.

Um miðjan mars er áætlað að bjóða upp á kynningu og námskeið á vegum Landmælinga Íslands, er varðar örnafnasöfnun, þ.e. fyrirkomulag - skráning og varðveisla. Kannaður hefur verið raunverulegur áhugi á þessum meðal landeigenda, margir jákvæðir en færri skráð sig.

Handavinnuhópur hefur hittst annað slagið. Þann 27. febrúar er auglýstur sameiginlegur viðburður í Höllinni, þ.e. hópurinn í samstarfi við Hallormsstaðaskóla og hollvini hans. Skoðað verður framhald á þessu samstarfi og/eða á þessari samveru.

Nefnd var hugmynd sem samfélagsnefnd er sammála, þ.e. að leitað verði til Ásgeir Mikaelssonar um að koma og halda erindi um heimavirkjarnir.

3. **Fræðsluferð.** Hugmynd kom upp til umræðu frá fulltrúum Samfélagsnefndar um það hvort ekki væri áhugavert að skipuleggja fræðsluferð út fyrir Dalinn þar sem lögð yrði áhersla á nýsköpun í landbúnaði og mögulega öðru sem tengist áherslum frá Samfélagsþingi. Verkefnastjóri kynnti drög að dagsferð yfir í Breiðdal og Djúpavogshrepp. Jákvætt tekið undir þessi drög og hvatt til að vinna að þessu áfram og að hafa það í huga að því að bjóða skriðdælingum með. Stefnt að ferðinni eftir miðjan apríl, á fimmtudegi eða föstudegi.

Umræða um mikilvægi þess að fara í sérferðir þegar áhugahópar hafa myndast, t.d. í matarsmiðjuna á Skagaströnd (grænmeti, kjöt og fiskur) og mögulega til Norðlenska. Einnig í forystufjársetrið og garnaframleiðsluna í Öxarfirði, jafnvel Fjallalamb.

#### 4. Drög að úthlutunarreglum Samfélagssjóðs og matsreglur.

Drög að úthlutunarreglum og matsblaði voru send út til nefndarmanna fyrir fundinn. Umræða um ýmsa þætti sem þarf að skerpa betur á og fyrirfara. Matsreglur verða skoðaðar samhliða endurskoðuðum drögum að úthlutunarreglunum. Samþykkt að verkefnastjóri og Signý vinni drögin áfram ásamt matsreglum og sendi út á nefndarmenn til frekari skoðunar.

#### 5. Skipulagskrá Samfélagssjóðs. Kristinn Bjarnason boðinn velkominn á fundinn í gegnum messenger (kl 11:40)

Kristinn fór yfir skipulagskránnar sem hefur þróast í samskiptum við samfélagsnefnd, sveitarstjórn þó sérstaklega oddvita og í samskiptum við fulltrúa sýslumannsins á Norðlandi vestra. Eins og staða skipulagskránnar er í dag þá gætu þau fengið staðfestingu og skráningu sýslumanns miðað við umsögn hans.

Þær greinar sem hafa verið hvað mest í skoðun eru 3, 6 og 10. Farið var sérstaklega yfir þær.

3.gr. Ekki gerðar breytingatillögur við orðalag, eftir góða yfirferð frá Kristni.

6.gr. Spurningar frá nefndarmönnum: Hvers vegna til tveggja ára í senn? Er ekki óheppilegt að stjórnin megi kjósa sjálfan sig. Ábyrgð formannsins er mikli og því spurning hvort kveða á nánar um þann þátt. Vangaveltur um hvað á að binda hendur manna mikið við stjórnarkjör.

Breytingatillaga: „Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps skipar í stjórn...“. Bæta inn einu í-i

Kristinn áréttaði eftirfarandi: Um er að ræða sjálfseignarsjóð án atvinnurekstrar, aðrar reglur gilda um sjóði sem eru í atvinnurekstri og þar með gilda aðrar reglur einnig um val stjórnarmanna. Þegar sveitarstjórn setur fé í sjóð þá lætur hún frá sér fjármuni og á engan rétt eða kröfur til þeirra frekar. Stjórn slíks sjóðs ber því alfarið ábyrgð á sjóðnum og ber því jafnframt ábyrgð á hvernig stjórnina skal skipa í framhaldi.

Kjörtímabil til tveggja ára var hugsað út frá endurnýjunarmöguleika ef einhverjir vildu fara út en þarf ekki að nýta frekar en þörf er á. Næst opið fyrir breytingar í stjórn fyrir apríl lok 2022.

Stjórnin getur útbúið sér starfsreglur, m.a. um breytingar í stjórn og um valnefnd eða ráðgjafandi nefndar.

Aðeins ein athugasemd gerð við orðalag þessarar greinar, þ.e. að bæta við í-i, sjá framkomna ábendingu.

10.gr. Fyrirspurnir er tengjast auglýsingu og úthlutun minnst einu sinni á ári. Hvers vegna er ekki valnefnd skráð inn í stofnskjalið. Hvers vegna er verið að miða við 4 milljónir og að heildarfjárhæð verði sem jöfnust eða hámark 25% af höfuðstól. Hvernig verði hægt að loka sjóðnum, o.fl.

Komið var inná á að nokkurs misskilings hefur gætt varðandi vinnu við stofnskjalið. Í upphafi var lagt upp með að samfélagsnefndin og verkefnastjóri ynnu með Kristni að fullmótuðu skjali áður en það færi fyrir sveitarstjórn. Eftir að frumdrög voru send á Kristinn hefur það að mestu verið unnið af honum, oddvita og öðrum í sveitarstjórn. Nefndarmenn lýsa þó ánægju með hversu langt þetta er komið, og taka undir með það hvar ábyrgðin liggur í stofnun slíks sjóðs.

### **Gert matarhlé í 18 mínútur.**

#### **6. Samfélagssjóður með fulltrúum sveitarstjórnar og Kristni Bjarnasyni.**

Anna Jóna og Gunnþórunn koma inn á fundinn, sem hófst aftur kl 13:25.

Framhaldið með fyrirspurnir um 10 gr, o.fl.

Mikil umræða hefur verið um að hafa valnefnd inni í stofnskránni sem legði fyrsta mat upp í hendur stjórnar, þó alltaf sé það stjórnin sem beri endanlega ábyrgð á úthutun. Í því samhengi var nefnt að framkvæmdaaðilar og þeir sem aðstoða við umsóknir mega ekki vera í valnefnd. Signý nefndi að mjög góð reynsla væri af slíku fyrirkomulagi og ákveðinn stuðningur fyrir stjórn. Aðilar sammála um að skoða það vel hvort ekki eigi að bæta slíku fyrirkomulagi inn í starfsreglur stjórnar eða úthlutunarreglur og skrá um leið hlutverk valnefndarinnar.

Engin fræði liggja á bak við það að miða við 4 milljónir. En, með því kveðið á um að þá beri að leita ráðgjafar og fá umsögn. Flestum finnst viðmiðunarupphæðin of há en niðurstaða að þetta verði óbreytt en áréttað með hvaða hætti þetta er útfært í úthlutunarreglum sjóðsins.

Með því að setja inn „faglegt“ inn í stofnskjal gagnvart yfirferð umsókna þarf að fylgja því útskýring, þ.e. skilgreint hvað í því fellst. Fallið frá þeirri breytingartillögu.

Varðandi stjórnarskipan. Formannstímabil er það sama og annarra stjórnarmanna. Hægt er að setja það í starfsreglur sjóðsins að formaður sitji í eitt ár. Varðandi skipan varamanna, þá miðast skipan varamanna fyrst og fremst út frá vanhæfni en fasta röðun. Þetta mætti útfæra nánar í starfsreglum stjórnar.

Lokamálsgreinin – þegar svo lítið er eftir í sjóðnum að ekki borgar sig að deila út er farið í 12 gr og sjóðnum slitið. 25% viðmiðið er til að hafa meira svigrúm í upphafi styrkveitinga sjóðsins. Skráningaraðilinn vill ekki að það sé markmið sjóðsins að það eigi að leggja hann niður. Aldrei er því hægt að eyða honum að fullu en þegar komið er að lágmörkum þá er farið í slit sjóðsins.

Ekki komu fram formlegar breytingatillögur við þessa 10. grein.

Umræður um framhald þessarar vinnu: Skipulagskráin fer fyrir sveitarstjórn næsta þriðjudag 3. mars. Þá ætti að vera hægt samþykkja skipulagsskránni og skipa fulltrúa í fyrstu stjórn. Um leið og stjórnin er búin að komast að samkomulagi um hver taki að sér formennsku og varaformennsku getur aðalstjórn sjóðsins undirritað skipulagsskránni. Tilkynningu um stofnun sjóðsins þurfa allir að undirrita, þ.e. aðalmenn og varamenn. Allt sent til skráningar til sýslumanns NV. Samþykktarferlið hjá sýslumanni tekur um ½ mánuð. Þegar skipulagsskráin er skráð þarf að staðfesta vistun á sjóðnum, að jafnaði er hann vistaður til bráðabirgðar hjá lögmanni eða endurskoðenda – tilkynningu um vistunarstað er æskilegt að senda með til sýslumanns, þ.e. bráðabrigðavistun fram að formlegri staðfestingu skipulagsskánar hjá sýslumanni. Eftir það er stofnaður formlegur reikningur fyrir sjóðinn.

Fundarstjóri og aðrir nefndarmenn þökkðu Kristni fyrir að vera með á fundinum og veita greinargóð svör við spurningum þeirra.

Kristinn, Anna Jóna og Gunnþórunn véku af fundi kl. 14.24

Samfélagsnefnd leggur til að sveitarstjórn samþykki framlagða skipulagsskrá, með þeirri athugasemd sem gerð var við málfar 6. greinar.

Samfélagsnefnd sammála að mikilvægt er að leggja drög að starfsreglum stjórnar samhliða vinnu við úthlutunarreglur og matsviðmið.

7. **Önnur mál.** Verkefnastjóri lagið fram tillögu um að 7. lið dagskrár um önnur mál og stöða verkefna, yrði frestað. Hún minnti jafnframt á að alltaf er hægt að hafa samband og ræða málin. Tillagan var samþykkt.

Næsti fundur er áætlaður 26. mars.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 14:30

Ásdís Helga Bjarnadóttir  
ritaði